

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella



Ársfundur 2019 v. 2018

Fundargerð

Fundarstaður : Félagshemilið Hvoll, á Hvolsvelli.

Fundartími : Þriðjudagur 14. maí 2019, kl. 20.00.

Óskar Pálsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Rangæinga, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Bar upp tillögu um að Óskar Pálsson taki að sér fundarstjórn og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Mætt: Heimir Hafsteinsson stjórnarmaður, Óskar Pálsson stjórnarmaður, Eydís Þ. Indriðadóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Guðrún Elín Pálsdóttir stjórnarmaður, Árni Þorgilsson endurskoðunarnefndarmaður, Pétur Magnússon, Kristján Pálmason, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Gróa Ingólfssdóttir, Guðmundur Svavarsson, Pálína Árnadóttir endurskoðandi Deloitte, Haraldur Yngvi Pétursson sjóðstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir.

Gengið til dagskrár. Óskar stýrir fundi.

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar

Óskar Pálsson flutti skýrslu stjórnar.

Hrein eign sjóðsins í árslok 2018 til greiðslu lífeyris nam 12.390,2 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 1.155,5 milljónir kr. eða um 10,3%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2018 var 10.858. Alls greiddu að meðaltali 1.077 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu en var að meðaltali 999 árið 2017.

Iðgjöld á árinu 2018 námu alls um 764,3 millj.kr. og hækkuðu um 21,7% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu um 285 millj.kr., sem er 1,8% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 731 árinu en voru 676 árið 2017.

Rekstrarkostnaður ársins nam 36,7 millj.kr., sem er um 4,8% af iðgjaldatekjum ársins og ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,29% sem er svipað kostnaðarhlutfall og hefur verið á undanförnum árum.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2018 var 2,56% samanborið við 5,71% raunávöxtun 2017 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á undanförnum árum og eru nú 13,34% af heildareignum sjóðsins. Gjaldyrishöftum hefur nú verið aflétt að fullu og hefur stjórn haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum.

Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 12 sinnum á starfsárinu, þar af voru 2 fundir haldnir í Reykjavík.

Almennt hefur starfsemi og rekstur sjóðsins gengið vel á liðnu ári. Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2018 og er staða sjóðsins í meginatriðum góð.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2018 liggur fyrir. Tryggingafræðileg staða sjóðsins lagast nú á milli ára. Munar þar helst um aukin iðgjöld og fjölgun nýrra sjóðfélaga. Vægi þeirra sem ávinna sér réttindi samkvæmt aldurstengdri leið eykst á meðan hlutur jafnrar ávinnslu minnkar. Skilar hagstæðari og eðlilegri niðurstöðu í tryggingafræðilegri úttekt. Staðan hefur því lagast á undanförnum árum, þrátt fyrir lengingu lífaldurs og aukningu skuldbindinga.

2. Kynning ársreiknings

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2018 og **Pálína Árnadóttir** kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. kr. :

Iðgjöld	764.304
Lífeyrir	285.008
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	838
Fjárfestingartekjur	712.893
Fjárfestingargjöld	41.201
Rekstrarkostnaður	36.667
Breyting á hreinni eign á árinu	1.155.522
Hrein eign frá fyrra ári	11.234.672
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	12.390.194

Hrein raunávöxtun lækkar á milli ára og er um 2,6% á árinu 2018 samanborið við 5,7% árið áður. Skýrist þetta meðal annars af því að hlutabréfamarkaðir voru með mjög góða ávöxtun árið 2017. Hækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er 1.155,5 millj. kr. og í árslok 2018 er hrein eign til greiðslu lífeyris 12.390,2 millj. kr. Raunhækkun hreinnar eignar á árinu er 6,07% og lækkar milli ára um 2,19% sem skýrist fyrst og fremst af aukinni verðbólgu en hún nam 3,25% árinu 2018 en 1,73% á árinu 2017.

Iðgjaldaliðir hækkuðu um 127 milljónir kr. eða um 21,7% milli ára. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1.077 og hækkaði um 78 eða 8% sem hefur áhrif á hækkun iðgjaldaliða. Einnig hefur áhrif að launavísitala hækkaði á milli ára og móttframlag launagreiðenda hækkaði úr 10% í 11,5% á miðju ári.

Lífeyrir og tengdir liðir hækka um 5 milljónir kr. eða um 1,8% milli ára. Meðalfjöldi virkra lífeyrisþega var 731 á árinu 2018 samanborið við 676 lífeyrisþega á árinu 2017, sem er 8% fjölgun. Liðurinn hækkar ekki í takt við fjölda lífeyrisþega þar sem tekjufærðar voru um 9,5 mkr. vegna skiptingu örorkuáhættu.

Bankainnstæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga hækka um tæpar 15 millj. kr. á milli ára og skýrist eingöngu af ávöxtun ársins. Handbært fé breytist mikið milli ára eftir innlausn eigna og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Handbært fé hækkar um 146 milljónir milli ára og stendur í 616 milljónum í árslok 2018. Breytinguna á inngreiðslum má rekja til fjölgunar sjóðfélaga,

almennt launahækkana á árinu ásamt því að móttframlag launagreiðenda hækkaði um 1,5 prósentustig um mitt ár 2018. Breytinguna á útgreiðslu má rekja meðal annars til fjölgunar lífeyrisþega og hækkunar á rekstrarkostnaði.

Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 2,3 milljarða en selt fyrir 1,4 milljarða. Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana og vaxta skuldabréfa og inngreiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 291 milljón. Þar sem fjárfestingar-hreyfingar ársins eru lægri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í hækkun á handbæru fé í árslok.

Pálína fór yfir lykilhættuþætti sjóðsins. Ábending um úrbætur var að það mætti bæta ferli varðandi yfirferð á óskráðum bréfum í eigu sjóðsins.

Í ár uppfærðust dánar- og örorkulíkur hjá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Hefur þetta óveruleg áhrif hjá sjóðnum. Ef forsendur hefðu verið óbreyttar frá fyrra ári hefði tryggingafræðileg staða í árslok verið 0,1% betri. Pálína benti á að mikilvægt er að tryggja að tímalína hvað varðar gögn til og frá tryggingastærðfræðingi sé ásættanleg fyrir alla sem koma að uppgjörinu.

Við skoðun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins var tryggt að hún væru í samræmi við niðurstöður tryggingastærðfræðings. Fengnar voru upplýsingar um þau gögn sem hann notast við í sinni úttekt og lásum yfir þær forsendur sem notast er við og hvort óhæðis-skilyrðum sé fullnægt.

Ferlið við útreikning tryggingafræðilegrar stöðu var yfirfarið og lagt mat á aðferðafræði og forsendur. Að auki var farið yfir eftirlit tryggingastærðfræðings á réttmæti útreiknings.

Tekin voru úrtök úr endurmatsútreikningum og staðfest að nafnverð og bókfært verð stemmdi við endurskoðuð gögn. Farið var yfir að tryggingafræðileg staða frá tryggingastærðfræðingi stemmdi við tryggingafræðilegt yfirlit og skýringu í ársreikningi. Pálína sagði að niðurstaða endurskoðunar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins, var að engar verulegar athugasemdir komu fram við endurskoðun.

Guðmundur Svavarsson, spurði hvers vegna hækkar umsýsluþóknun til Arion banka, 10% hækkun? Einnig hækkar kostnaður til tryggingastærðfræðings um 35% og endurskoðun hækkaði á milli ára 25%. Miklar breytingar á milli ára sem þarfnast skýringa.

Svar: Umsýsluþóknunin er hlutfall af meðalstöðu heildareigna og hækkar því í takt við eignir sjóðsins. Sjóðurinn hefur keypt viðbótarþjónustu hjá Tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Hefur reiknað út tryggingafræðilagastöðu, ásamt öðru því tengt og vegna vinnu við fjárfestingastefnu. Hefur einnig séð um allan útreikning á lífeyri, en frá 2019 mun Arion banki að taka það yfir.

Pálína svaraði varðandi hækkun á endurskoðun, stafar af því að ákveðinn hluti vinnu vegna uppgjörs 2018 var unninn í haust og innheimt í desember, skekkja á milli 2018 og 2019. Vænta má að kostnaður vegna uppgjörs 2019 verði því lægri í næsta ársreikningi.

Guðmundur Svavarsson þakkaði svörin, einnig þakkaði hann starfsmönnum og stjórn fyrir vinnuna á árinu.

Ekki var um frekari umræður að ræða.

Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. **Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt**

Pröstur fór yfir tryggingafræðilega úttekt ársins 2018. Pröstur sagði að nýjustu breytingar í örorkulíkum, hafi verið að íþyngja flestum sjóðum, en hefur ekki mikil áhrif á stöðu Lífrang eða um 0,1%.

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam heildarlífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs Rangæinga 23.081,6 milljónum kr. í árslok 2018, miðað við 3,5% ársvexti. Hrein eign sjóðsins í árslok 2018, að teknu tilliti til endurmats eigna og áætlaðs kostnaðar í bráð og lengd var 22.675,1 milljónir kr. eða 406,5 milljónum lægri eða sem nemur -1,8%. Sambærileg staða á árinu 2017 var -2,4%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar verulega milli ára. Pröstur sagði að skýringar væru fyrst og fremst góð ávöxtun ársins, fjölgun sjóðfélaga, hækkun iðgjalda auk þess sem að vægi þeirra sjóðfélaga sem eiga réttindi samkvæmt jafnri réttindaávinnslu minnkar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Haraldur Yngvi Pétursson gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Helstu breytingar á milli ára voru þær að aukið var vægi erlendra eigna og minnkað í innlendum hlutabréfum. Fjárfestingarstefnan er 20% í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Hluttur innlendra hlutabréfa eru 11% og skuldabréf 69%.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Kaffihlé var nú gert í 10 mínútur.

5. Stjórnarkjör

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Samtök atvinnulífsins (SA) hafi á síðasta ársfundi sjóðsins skipað Óskar Pálsson sem aðalmanntil ársfundar 2020 og Drífa Hjartardóttir sem varamaður í stjórn sjóðsins til sama tíma. Eyðís Þ. Indriðadóttir er nú skipuð af hálfu SA sem aðalmaður í stjórn sjóðsins til ársfundar 2021.

Frá Félagi iðn- og tæknigreina (Fit) var á síðasta ársfundi kjörinn Heimir Hafsteinsson sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2020. Nú liggur fyrir tillaga frá Verkalýðsfélagi Suðurlands um að Guðrún Elín Pálsdóttir verði kosin sem aðalmaður í stjórn sjóðsins til ársfundar 2021 og að Pétur Magnússon verði kosinn varamaður til sama tíma.

Aðrar tillögur um kjör til stjórnar bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillöguna til samþykktar eða synjunar.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur stjórnar á samþykktu breytingum Lífeyrissjóðs Rangæinga. Tillögurnar voru sendar aðildarfélögum sjóðsins til kynningar auk þess sem þær hafa legið frammi á skrifstofu sjóðsins sem og á heimasíðu til glöggvunar fyrir sjóðfélaga. Breytingarnar taka miða af nýju samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál.

Almennt um tillögurnar :

Hinn 24. apríl 2018 gerðu Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) með sér samkomulag um breytingar á samningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995 (hið nýja samkomulag hér eftir nefnt „samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða“). Samkomulagið felur í sér breytingar varðandi ákvæði um stjórnkerfi lífeyrissjóða, s.s. varðandi ársfundi, fulltrúaráð og stjórnir. Þá gerir samningurinn jafnframt ráð fyrir því að komið sé á fót samráðshópi um lífeyrismál sem hittist tvisvar á ári til að ræða stöðu og þróun lífeyriskerfisins, málefni lífeyrissjóðanna og framvindu á grundvelli kjarasamningsins. Tillögur sem lagðar eru til af stjórn sjóðsins á ársfundi 2019 fela í sér innleiðingu á framangreindum samningi í samþykktir sjóðsins að því marki sem viðeigandi er miðað við núgildandi stjórnkerfi og samþykktir sjóðsins.

Grein 2.2

2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Tillaga til breytinga á grein 2.2.

2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. **Grundvöll sjóðsins má rekja til samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 ásamt síðari breytingum og er markmið samþykta sjóðsins að tryggja þau lágmarksréttindi sem þar greinir. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.**

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 2.2.:

Breytingin er lögð til í því skyni að breyta lítilla framsetningu á texta um grundvöll sjóðsins og taka jafnframt fram að síðari breytingar hafa komið til á þeim samningum sem ákvæðið vísar til, m.a. um stjórnkerfi lífeyrissjóða sem nú eru innleiddar í samþykktir. Breytingar á tilvísuðum samningum varða einnig önnur atriði, s.s. fjárhæð þess iðgjalds sem greitt er til sjóðsins og tilgreinda séreign. Með þessari

tillögu að breytingu er þannig ætlunin að vísa til grundvallar sjóðsins og ná bæði utan um breytingar sem átt hafa sér stað á tilvísuðum samningum og einnig yfir breytingar sem kunna að

eiga sér stað í framtíðinni. Þá er áréttað að markmið samþykka sjóðsins sé að veita þau lágmarksréttindi sem tilvísaðir kjarasamningar tryggja á hverjum tíma.

Grein 4.1

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum. Tveir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og tveir skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Stjórn Samtaka atvinnulífsins skal skipa einn varamann og einn varamaður skal kosinn af fulltrúum sjóðfélaga á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn.

Tillaga til breytinga á gr. 4.1.:

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum. Tveir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi **ásamt einum varamanni og tveir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt einum varamanni.**

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 4.1.:

Breytingin er lögð til í samræmi við nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesti tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um stjórnarmenn. Samkvæmt núgildandi samþykktum eru tveir fulltrúar og einn varamaður skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Breytingin felur í sér að Samtök atvinnulífsins leggja til stjórnarmenn og varamann hverju sinni sem fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta til þess að skipun í stjórn taki gildi.

Grein 4.3

4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta

opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

Tillaga til breytinga á gr. 4.3.:

4.3 Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins. **Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti sem aðalmaður fyrr en að þremur árum liðnum.**

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 4.3.:

Breytingin er lögð til í samræmi við nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Í ákvæðinu felst að einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár getur ekki tekið sæti aftur sem aðalmaður í stjórn sjóðsins fyrr en að þremur árum liðnum.

Grein 4.7.1

4.7.1. Hvorki stjórnarmenn eða starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa

um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framantöldu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.

Tillaga til breytinga á gr. 4.7.1 :

4.7.1. **Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður, starfsmaður eða af öðrum fjárhagslegum toga. Um hæfi til meðferðar einstakra máls fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.**

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 4.7.:

Breytingin er lögð til í samræmi við nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Í ákvæðinu felst að líta skal m.a. til hagsmuna af öðrum fjárhagslegum toga þegar mat er lagt á það hvort um vanhæfi er að ræða við meðferð máls vegna ákvarðana er varða fyrirtæki sem kunna að tengjast stjórnarmanni.

Tillaga til breytinga á fyrirsögn kafli 5.:

5. Ársfundur og störf fulltrúaráðs.

Greinargerð með tillögu um breytingu á fyrirsögn gr. 5:

Vegna aukins hlutverks fulltrúaráðs innan sjóðsins er talið rétt að bæta við fulltrúaráði í fyrirsögn ákvæðisins þar sem það snýr m.a. að verkefnum fulltrúaráðs utan ársfunda.

Grein 5.3

5.3 Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykkt þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu. Fulltrúar stéttarféлага þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum, sem stéttarfélögin komu sér saman um 2. febrúar 1990: Verkalýðsfélag Suðurlands velur 6 fulltrúa en (Iðnaðarmannafélag Suðurlands velur 6 fulltrúa en (Iðnaðarmannafélag

Rangæinga síðar Sunniðn, sunnlenska iðnfélagið síðar) Félag iðn- og tæknigreina velur 3 fulltrúa. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn, eigi síðar en mánuði fyrir ársfund.

Tillaga til breytinga á gr. 5.3

5.3 Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykkt þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, **án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum.** Fulltrúar stéttarféлага þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum, sem stéttarfélögin komu sér saman um 2. febrúar 1990: Verkalýðsfélag Suðurlands velur 6 fulltrúa en (Iðnaðarmannafélag Rangæinga síðar Sunniðn, sunnlenska iðnfélagið síðar) Félag iðn- og tæknigreina velur 3 fulltrúa. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu **valdir eftir þeim reglum sem Samtök atvinnulífsins setja. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð tveggja annarra fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins og á ársfundi.**

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 5.3.:

Breytingin er lögð til í samræmi við nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Í ákvæðinu felst að fulltrúaráðsmanni er heimilt að fara með umboð tveggja annarra fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins í stað eins áður.

Tillaga að nýjum ákvæðum 5.4., 5.5. og 5.6.:

5.4 Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráð tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á og starfskjarastefna kynnt. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.

5.5 Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir ársfund skulu fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði sjóðsins skipa þriggja manna nefnd sem gera skal tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varamanns þeirra. Tillagan skal m.a. taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarendi aðkomu að stjórn sjóðsins. Tilnefningarnefndin skal setja sér eigin starfsreglur. Samtök atvinnulífsins skulu jafnframt starfrækja tilnefningarnefnd sem undirbýr tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um fulltrúa atvinnurekenda til stjórnar og varamanns þeirra. Tilnefningarnefndir þessar skulu hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinnt málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.

5.6 Innan lífeyrissjóðsins starfar fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna sem undirbýr og leggur fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Ársfundur kýs þrjá fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn sem ársfundur kýs geta ekki verið úr hópi stjórnarmanna. Jafnframt situr stjórnarformaður sjóðsins hverju sinni í nefndinni. Nefndin skal hafa hliðsjón af því að stjórnarlaun endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Einn nefndarmanna skal kosinn af fulltrúum stéttarfélaga í fulltrúaráði og annar af fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Sá þriðji skal kosinn til skiptis af fulltrúum stéttarfélaga og fulltrúum samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði. Fulltrúar þess hóps sem ekki skipar stjórnarformann næstkomandi kjörtímabil kýs þriðja fulltrúann hverju sinni.

Verði framangreind tillaga samþykkt felst í henni að tölusetning ákvæða breytist samsvarandi og núverandi gr. 5.4. verði þannig gr. 5.7. og núverandi gr. 5.5. verði gr. 5.8.

Greinargerð með tillögu að nýjum ákvæðum 5.4., 5.5. og 5.6.:

Breytingin er lögð til í samræmi við nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Lögð er til skv. nýrri gr. 5.4. sú nýbreytni að stjórn sjóðsins kalli saman fulltrúaráð sjóðsins tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, og er fundarefni þessara funda nánar tiltekið í ákvæðinu. Jafnframt er tekið fram að stjórn sjóðsins sé heimilt að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum.

Þá er lagt til skv. nýrri gr. 5.5. að komið verði á fót tilnefningarnefndum sem falið verður að undirbúa val á stjórnarmönnum innan sjóðsins og er gert ráð fyrir því að fulltrúar stéttarféлага í fulltrúaráði skipi eina nefnd og Samtök atvinnulífsins aðra. Þessum nefndum ber að hafa formlegt samráð sín á milli með það að markmiði að tryggja að tillögur hvors aðila um sig séu með þeim hætti að stjórn verði í heild þannig samsett hverju sinni að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt og geti sinn málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum. Gert er ráð fyrir stofnun slíkra nefnda í nýju samkomulagi um stjórnkerfi lífeyrissjóða og bera þær heitið uppstillingarnefndir í samkomulaginu. Lagt er til að orðið tilnefningarnefnd verði notað í samþykktum um þessar nefndir til samræmis við verkefni nefndanna og orðnotkun varðandi sambærilegar nefndir hjá skráðum hlutafélögum.

Að lokum er lagt til skv. nýrri gr. 5.6. að innan lífeyrissjóðsins starfi fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna sem undirbýr og leggur fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Nefndin skal í þessum efnum hafa hliðsjón af því að stjórnarlaun endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Ársfundur kýs þrjá fulltrúa í nefndina eftir þeim reglum sem ákvæðið tiltekur og fjórði fulltrúinn er stjórnarformaður sjóðsins hverju sinni. Með tillögunni er lagt upp með að í nefndinni sitji hverju sinni tveir fulltrúar beint eða óbeint í umboði stéttarféлага og tveir beint eða óbeint í umboði Samtaka atvinnulífsins.

Grein 5.5 Verður grein 5.8

5.5. Á dagskrá skulu vera eftirfarandi dagskrárliðir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
7. Laun stjórnarmanna.
8. Kjör endurskoðanda.
9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Tillaga til breytinga á gr. 5.8 (áður 5.5) :

5.8 Á dagskrá skulu vera **eftirtaldir dagskrárliðir:**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning **og afgreiðsla** ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. **Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.**
6. **Gerð grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins.**
7. **Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna samkvæmt samþykktum sjóðsins.**
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum **23.** greinar.

9. Laun stjórnarmanna.

10. Kjör endurskoðanda **eða endurskoðunarfyrtækis.**

11. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 5.5. (verður gr. 5.8.):

Breytingin er lögð til í samræmi við nýtt samkomulag um stjórnkerfi lífeyrissjóða. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að gerð sé grein fyrir hluthafastefnu á ársfundi og að þar sé starfskjarastefna lögð fram.

Breyting á 7. tl. um kosningu nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna leiðir að sama skapi af breytingum sem lagðar eru til með nýrri gr. 5.6.

Breyting á 10. tl. um kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis er til áréttingar á því að unnt sé að kjósa endurskoðunarfyrtæki til þess að sinna endurskoðun sjóðsins.

Tillaga að breytingu á viðaukum samþykka LR.

Viðauki B fellur niður og viðauki C verður B.

Viðauki B (fellur niður).

Viðauki C - Verði B.

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum eftir gildistöku samþykka Lífeyrissjóðs Rangæinga hinn 1. júní 2009, samþykktar á ársfundum sjóðsins samkvæmt greinum 7.3 og 7.4 í samþykktum og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. 18. maí 2010; samþykkt á ársfundi 10% lækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2009 og fyrr. Fært sem lækkun skuldbindinga í réttindayfirliti sjóðsins í desember 2009 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með júlí mánuði 2010, sbr. grein 10.4. í samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri opnaði á umræður um þær breytingatillögur sem bornar eru fram hér. Enginn kvaddi sér hljóðs. Framkvæmdastjóri óskaði eftir að fá að bera upp tillögurnar í heilu lagi til atkvæða. Fundarmenn samþykktu það samhljóða.

Tillögurnar voru samþykktar í heild sinni samhljóða. Nýjar samþykktir munu verða sendar til Fjármála- og efnahagsráðuneytis til staðfestingar og taka gildi að því loknu.

7. Laun stjórnarmanna

Pröstur kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna fyrir tímabilið júní 2019 til og með maí 2020. Almenn stjórnarlaun verði kr. 90.325 á mánuði. Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 112.906 á mánuði. Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 135.488 á mánuði. Um er að ræða 5,52% hækkun á milli ára og í samræmi við hækkun á launavísitölu.

Varamaður stjórnar fær kr. 45.163 fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða

8. Kjör endurskoðanda

Pröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitum endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Pálína Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2019.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Kjör í launanefnd samkvæmt gr. 5.6 í nýjum samþykktum sjóðsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir þessa breytingu á fyrirkomulagi um ákvörðun launa. Samkvæmt nýjum samþykktum sjóðsins þarf að kjósa 3 fulltrúa á ársfundi auk þess sem að formaður stjórnar er í launanefnd. Skal kjósa 2 fulltrúa frá þeim armi sem ekki hefur með höndum formannsembættið. Liggur fyrir að formaður næsta starfsárs kemur frá Verkalýðsarminum þannig að kjósa þarf 2 fulltrúa af hálfu SA og 1 fulltrúar frá Verkalýðsarmi.

Það liggja fyrir tillögur um fulltrúa í nefndina.

Af hálfu SA liggur fyrir tillaga um að Elmar Svavarsson og Margrét Jóna Ísólfsdóttir verði í kjöri í launanevnd.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands er tillaga um að Helga Fjóla Guðnadóttir verði í kjöri í launanevnd.

Ekki komu fram aðrar tillögur.

Ofangreindar tillögur um fulltrúa í launanevnd sjóðsins eru samþykktar samhljóða annars vegar af fulltrúum SA og hins vegar fulltrúum VS og Fit.

Haraldur Yngvi Pétursson fór almennt yfir stöðu sjóðsins og sagði að Lífeyrissjóður Rangæinga var einn af 4 lífeyrissjóðum landsins sem var með batnandi tryggingafræðilega stöðu á milli ára.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður líka birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:14.

Fundarritari:

Unnur Elín Jónsdóttir

Fundarstjóri:

Óskar Pálsson